

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Örfirisey



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	24.6.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Skeljungur	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Borgartún 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5902691749	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Steinar Guðnason	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	356932,537 409711,484

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd er gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi og farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöðina. Farið var yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar skráningar reyndust í góðu lagi. Geymar hafa verið botnþykktarmældir, lagnir þrýstiprófaðar og olíuleifar í fráveitu stöðvarinnar mældar. Allt reyndist í góðu lagi. Botnþykktarmæla skal geymi #15 (225-4978-030101) á árinu.

Þjónusta við olíuskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi. Sjö olíuskiljur eru í frárennsli stöðvanna, þar af tvær milliskiljur í jet- og gasolíuportum. Allar skiljurnar voru þjónustaðar á árinu 2015. Sandur úr sandföngum og olía úr olíuskiljum var tæmdur 25/9/2015.

Olíuskynjarar tengdir raflokum eru í skiljum nr. 1, 3, 5 og 6 og eru þeir prófaðir reglulega.

Bensín er geymd í stöðinni og gufuendurnýtingakerfi er tengt bensíngeymum og palli fyrir bensínafyllingu. Framleiðandi tækisins kemur í árlega úttekt og prófun á kerfinu. Síðast var kerfið prófað í heimsókn fulltrúa Cool Sorption í september 2015. Til samræmis við kröfur í reglugerð nr. 252/1999 skal losun bensíngufa í rúmmeter af lofti vera minni en 35 g (klukkutímameðaltal). Í mælingu sem gerð var 20. september 2015 á tímabilinu 14:15 til 15:15 var losunin 0,75 g/Nm<sup>3</sup>, vel undir mörkum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Ekki sást neitt sem gera þarf athugasemd við hér. Girðingar og hlið voru í lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd er gerð.

## ANNAÐ

Botnþykktarmæla skal geymi #15 (225-4978-030101) á árinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.06.2016

Gottskálk Friðgeirsson